

Bolungarvíkurkaupstaður
b/t Finnbogi Bjarnason
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík

Reykjavík, 7. ágúst 2019
UST201906-268/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Bolafjall - Bolungarvíkurkaupstaður

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar er barst 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir áfangastað á Bolafjalli í Bolungarvíkurkaupstað.


Í greinargerð kemur fram að um er að ræða gerð deiliskipulags um útsýnispalla, göngustíga og bílastæði á Bolafjalli við Bolungarvík.

Forsendur og ferðamenn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.


Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að dýralíf einkennist af sjófugli og telur því stofnunin mikilvægt að fjallað sé um hver áhrif tillögunnar verða á dýralífið og hvort þurfi að setja umgengnisreglur til að forðast röskun á búsvæðum fuglanna.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur